

Frumvarp til laga

um

atvinnu við siglingar.

(Lagt fyrir alþingi 1915).

1. gr.

Með takmörkunum þeim, sem settar eru í lögum þessum, skal öllum vera heimilt að leita sjer atvinnu við siglingar á íslenskum skipum.

2. gr.

Rjettur til að vera formaður á íslenskum bifbát eða þilskipi, 12 smálestir að stærð, eða minna, skal bundinn því skilyrði, að hlutaðeigandi leggi fram vottorð frá siglingafróðum manni, tilnefndum af viðkomandi yfirvaldi um það:

- a. að hann þekki á áttavita;
- b. að hann þekki alþjóðlegar reglur til að forðast ásiglingu.

Svo skal hann og sanna, að sjón hans sje svo fullkomin, sem nauðsynlegt er fyrir skipstjóra.

Gegn þessum vottorðum fær svo hlutaðeigandi skírteini, frá viðkomandi yfirvaldi, er veitir honum rjett til að vera formaður á bifbát eða þilskipi, alt að 12 smálestum að stærð.

Fyrir skírteini þetta greiðist ein króna, er rennur í landssjóð.

3. gr.

Rjettur til að vera skipstjóri á íslensku skipi í innanlandssiglingum skal bund-

inn því skilyrði, ef skipið er meira en 12 smálestir, en ekki yfir 30 smálestir, að viðkomandi hafi staðist skipstjórpróf fyrir smáskip.

4. gr.

Rjettur til að vera skipstjóri í innan- og utanlandssiglingum á íslensku fiskiskipi og skipstjóri í innanlandssiglingum á íslensku verslunarskipi, eigi yfir 300 smálestir að stærð, skal bundinn því skilyrði, að hlutaðeigandi hafi fengið skírteini sem skipstjóri á fiskiveiðaskipi.

5. gr.

Rjettur til að vera skipstjóri í utanlandssiglingum á íslensku verslunarskipi og skipstjóri í innanlandssiglingum á íslensku verslunarskipi, sem er stærra en 300 smálestir, skal bundinn því skilyrði, að hlutaðeigandi hafi fengið skírteini sem skipstjóri í utanlandssiglingum.

Sje um gufuskip að ræða, er rjetturinn bundinn því skilyrði, að hlutaðeigandi hafi fengið skírteini það er um getur í 15. grein.

6. gr.

Rjettur til að vera stýrimaður á íslensku fiskiskipi í innan- og utanlandssiglingum og stýrimaður á íslensku verslunarskipi í innanlandssiglingum, eigi yfir 300 smálestir að stærð, skal bundinn því skilyrði, að hlutaðeigandi hafi fengið skírteini, sem stýrimaður á fiskiskipi.

7. gr.

Rjettur til að vera stýrimaður í utanlandssiglingum á íslensku verslunarskipi, eða í innanlands siglingum á íslensku verslunarskipi, sem er stærra en 300 smálestir, skal bundinn því skilyrði, að hlutaðeigandi hafi fengið stýrimannsskírteini í utanlandssiglingum.

Sje um gufuskip að ræða er rjetturinn bundinn því skilyrði að hlutaðeigandi hafi fengið skírteini það, er um getur í 15. grein.

8. gr.

Ekkert íslenskt skip, sem stærra er en 30 smálestir má afgreiða frá nokkurri höfn hjer á landi, til ferða milli Íslands og annara landa, eða í innanlandssiglingar, nema því að eins, að á því sje til starfa, að minsta kosti, einn stýrimaður auk skipstjóra, og sje um verslunargufuskip að ræða, sem er meira en 300 smálestir, skulu stýrimenn vera minst tveir.

9. gr.

Til þess að standast skipstjórpróf fyrir smáskip útheimtist:

- a. að hlutaðeigandi kunni að marka stað skipsins á sjávaruppdrætti og hafi nægilega þekkingu á sjávaruppdráttum og notkun þeirra yfir höfuð;
- b. að hann kunni að nota áttavita og beri skyn á segulskekku og misvísun;
- c. að hann kunni að nota skipshraðamæli;
- d. að hann þekki alþjóðlegar reglur til að forðast ásiglingu og björgunarverkfærin;
- e. að hann sanni að sjón hans sje svo fullkomin, sem nauðsynlegt er fyrir skipstjóra,
- f. að hann hafi stundað siglingaatvinnu, minst 24 mánuði á skipum, ekki minni en 12 smálestir eða verið formaður á bifhát í 24 mánuði ekki minni en 6 smálestir.

Próf þetta fer að eins fram í kaupstöðum, og skipar lögreglustjóri þrjá valinkunna skipstjóra sem prófdómendur. Stjórnarráð Íslands semur reglur um prófið og fyrirmynd fyrir prófvottorðum.

10. gr.

Til að öðlast skipstjóraskírteini á fiskiveiðaskipi úrheimtist:

- a) að hlutaðeigandi hafi staðist fiskiskipstjórapróf eða hið almenna stýrimannspróf við stýrimannaskólann í Reykjavík;
- b. að hann hafi verið stýrimaður í 24 mánuði á skipi yfir 30 smálestir;
- c. að hann sje fullveðja;
- d. að hann hafi eigi orðið sekur, að lagadómi, um neitt það verk, er svívirðilegt er að almenningsáliti;
- e. að hann sanni, að sjón hans sje svo fullkomin, sem nauðsynlegt er fyrir skipstjóra;
- f. að hann hafi rjett innborinna manna.

11. gr.

Til að öðlast skipstjóraskírteini til utanlandssiglinga úrheimtist, auk skilyrða þeirra, sem talin eru í 10. gr. staflidunum c—f:

- a. að hlutaðeigandi hafi staðist hið almenna stýrimannspróf við stýrimannaskólann í Reykjavík;
- b. að hann hafi verið stýrimaður eigi minna en 24 mánuði á verslunarskipi í utanlandssiglingum, og af þeim tíma eigi minna en 12 mánuði yfirstýrimaður, eða einn stýrimaður á verslunarskipi í utanlandssiglingum, eða að hann hafi verið 12 mánuði skipstjóri á fiskiveiðaskipi í utan- og innanlandssiglingum og 12 mánuði stýrimaður á verslunarskipi í utanlandssiglingum.

12. gr.

Til að öðlast stýrimannsskírteini á fiskiskipi úrheimtist:

- a. að hlutaðeigandi hafi staðist fiskiskipstjórapróf, eða hið almenna stýrimannspróf við stýrimannaskólann í Reykjavík;
- b. að hann hafi verið fullgildur háseti á skipi, yfir 30 smálestir, eigi styttri tíma en 18 mánuði;
- c. að hann hafi eigi verið dæmdur til hegningar fyrir nokkurt það verk, sem svívirðilegt er að almenningsáliti;
- d. að hann sanni, að sjón hans sje svo fullkomin, sem nauðsynlegt er fyrir stýrimenn

13. gr.

Til að öðlast skírteini til stýrimensku á verslunarskipi í utanlandssiglingum úrheimtist, auk skilyrða þeirra, sem talin eru í 12. gr. staflidunum c og d:

- a. að hlutaðeigandi hafi staðist hið almenna stýrimannspróf við stýrimannaskólann í Reykjavík;
- b. að hann hafi verið fullgildur háseti á verslunarskipi, minst 18 mánuði, og af þeim tíma minst 12 mánuði í utanlandssiglingum, eða að hann hafi verið 12 mánuði fullgildur háseti á fiskiveiðaskipi í utan- og innanlandssiglingum og 12 mánuði fullgildur háseti á verslunarskipi.

14. gr.

Þeir, sem fullnægja skilyrðum þeim, sem sett eru hjer að framan, eiga heimtingu á að fá skírteini þau, sem talin eru í 10.—13. gr.

Skírteini þessi skal rita eftir fyrirmynd, er ráðherra Íslands lætur semja, og skulu þau gefin út af lögreglustjóra á þeim stað þar sem hlutaðeigandi er búsettur.

Fyrir skipstjóraskírteini skal greiða 4 krónur, en stýrimannsskírteini 2 kr. og rennur hvorttveggja í landssjóð.

Nú vill einhver ekki hlíta úrskurði lögreglustjóra, um útgáfu skírteinis, og skal hann þá senda stjórnarráði Íslands kæru sína og gerir það þá út um málið, en við það skerðist eigi rjettur hans til að leita dómsúrskurðar um málið.

15. gr.

Sá, er öðlast hefir skírteini til skipstjórnar eða stýrimensku í utanlandssiglingum og færir auk þess sönnur á með vottorði um, að hann hafi staðist próf í gufuvjelafraði, fyrir skipstjóra og stýrimenn við stýrimannaskólann í Reykjavík, á kost á að fá viðaukaskírteini þessu til sönnunar hjá stjórnarráði Íslands.

16. gr.

Þegar sjerstaklega stendur á og nauðsyn krefur, getur stjórnarráð Íslands veitt undanþágu, en þó að eins frá liðunum b og c í 10. og 11. gr. og b í 12. og 13. gr. Þó ná siglingatíminn aldrei vera minni en helmingur af þeim áskilda tíma.

17. gr.

Frá þeim tíma að lög þessi hafa öðlast gildi skulu skipverjar sanna siglingatíma sinn með sjóferðabók, sem stjórnarráðið lætur semja og hverjum skipverja er skylt að fá hjá lögskráningarstjóra, fyrsta sinn, sem hann er lögskráður á íslenskt skip eftir greindan tíma. Skal sjóferðabókin jafnan lögð fram, þegar sanna á siglingatíma þann, er um ræðir í 10.—13. grein.

Í sjóferðabókinni skal skýrt frá fullu nafni skipverjans, fæðingarstað, fæðingardegi og fæðingarári svo og stutt lýsing á útliti hans og vexti og sjerkennum, ef einhver eru.

Í bókinni skal ennfremur skýrt frá stöðu skipverjans á skipinu, nafni, tegund og stærð skipsins, hvenær hann er skráður á skip og af því og af hvaða ástæðu hann fór af skipinu, svo og hegðun hans og framferði á því.

Skipstjóra ber að geyma sjóferðabækur skipverja, útfylla þær og undirskrifa. Skal sjóferðabók hvers skipverja stimpluð með embættisstimpli viðkomandi skrásetningarstjóra, í hvert skifti, sem skipverji er skráður af skipi og skal hún þá afhent skipverjanum.

18. gr.

Nú verður maður, er fengið hefir skipstjóra- eða stýrimannsskírteini, sekur um eitthvað það verk, sem svívirðilegt er að almenningsdómi, og hefir hann þá fyrirgert skírteini sínu.

19. gr.

Skilyrði fyrir því, að mega vera skipstjóri eða stýrimaður á fiskiveiðaskipi í innanlandssiglingum, ná þó eigi til þeirra, er stundað hafa þessa atvinnu, án stýri-

mannsprófs, áður en lög þessi öðlast gildi. Þó skulu þeir sanna að sjón þeirra sje svo fullkomin, sem nauðsynlegt er, fyrir skipstjóra og stýrimenn.

Þessu skilyrði eru og rjettindi þeirra bundin, sem próf hafa tekið samkvæmt 2. gr. laga nr. 50, 10. nóv. 1905.

Þeir, sem fyrir þann tíma hafa tekið hið minna stýrimannspróf við stýrimanna-skólann í Reykjavík, eiga kost á, að fá skírteini sem fiskiveiðaskipstjórar eða fiskiveiðastýrimenn, ef þeir að öðru leyti fullnægja skilyrðum þeim, sem sett eru í lögum þessum.

Ennfremur skal hið meira stýrimannspróf í lögum nr. 50, 10. nóv. 1905, veita sömu rjettindi og hið almenna stýrimannspróf í lögum þessum.

Lög þessi ná eigi til þeirra, sem fengið hafa skírteini til skipstjórnar eða stýri. mensku í utanlandssiglingum, áður en lög þessi öðlast gildi.

20 gr.

Hvarvetna í lögum þessum, þar sem talað er um stærð skipa, er átt við brúttóstærð. Orðið skip á jafnt við gufuskip og seglskip, nema annað sje tekið fram.

21. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum, alt að 200 kr.; sje brotið ítrekað geta sektirnar hækkað, alt að 400 kr.

Sektirnar renna í landssjóð.

Brot þessi sæta opinberri rannsókn og skal farið með málin sem almenn lögreglumál.

22. gr.

Lög nr. 50, 10. nóv. 1905, um atvinnu við siglingar, eru úr gildi numin, að því undanskildu, að staflidirnir c í 8. gr. og a í 9 gr., ganga eigi úr gildi fyr en 1. jan. 1918, að því er við kemur utanlandssiglingum á verslunarskipum.

23. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1916.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frá stjórn Fiskifjelds Íslands hefir stjórnarráðinu borist uppkast að lagafrumvarpi um atvinnu við siglingar, sem hefir verið samið af nefnd manna, sem Öldufjeldagið í Reykjavík, fjeldag skipstjóra og stýrimanna, hafði falið að koma á leiðis tillögum til breytinga á núgildandi lögum nr. 50 frá 10. nóvember 1905 um atvinnu við siglingar. Hefir stjórn Fiskifjeldsins jafnframt getið þess, að siglinga-atvinnulögin frá 1905 megi nú telja að mörgu leyti ófullnægjandi. Þau hafi aðallega átt við þilskipaútgærð þá, sem stóð hjer í blóma er lögin komu út, en

það ástand sje nú að mörgu breytt með botnvörpuveiðiskipaútgerð þeirri, sem nú sje komin á og fari í vöxt. Mælir stjórn fjelagsins með því, að landsstjórnin leggi lagafrumvarp um þetta efni fyrir alþingi. Forstöðumaður stýrimannaskólans í Reykjavík, sem stjórnarráðið hefir borið málið undir, hefir einnig mælt með því, að mál þetta nái fram að ganga og telur frumvarp það, sem framangreind nefnd hefir samið og hann hefir átt þátt í að undirbúa, til þess fallið að verða að lögum.

Það verður að telja það galla á siglingaatvinnulögunum frá 1905, að þar eru ekki aðgreindar siglingar á verslunarskipum og fiskiskipum; þar er greint milli utanlandssiglinga og innanlandssiglinga og utanlandssiglingar látnar ná jafnt til allra skipa, sem sigla á milli landa, hvort sem þau eru verslunarskip eða fiskiskip, en þetta er óheppilegt, því flest störf á verslunarskipum og fiskiskipum eru ólík og þessvegna ástæða til að setja önnur skilyrði fyrir yfirmenn á verslunarskipum en yfirmenn á fiskiskipum.

Af þessum ástæðum verður stjórnarráðið að telja þörf á breytingum á siglingaatvinnulögunum og er frumvarp þetta því lagt fyrir alþingi. Jafnframt verður lagt fyrir þingið frumvarp til laga um þær breytingar á stýrimannaskólalögunum, sem leiða af þeim breytingum, sem tilætlunin er að koma á með þessu lagafrumvarpi á siglingaatvinnulögunum.

Um hinar einstöku greinar frumvarpsins skal þetta tekið fram.

Við 2. gr.

Ákvæði þessar greinar eru nýmæli, er þörf virðist á að setja, þar sem bifbátum hefir fjölgað mjög á síðari árum og eru að verða stærri og fullkomnari en fyr. Fara bátar þessir oft langt til hafs, og verður því að telja óhjákvæmilegt, að þeir menn, sem stjórna þeim, kunni hinar alþjóðlegu siglingareglur og þekki á áttavitann.

Við 3. gr.

Ákvæði þessarar greinar og 9. greinar frumvarpsins eru að mestu leyti samhljóða ákvæðunum í fyrstu tveim málsgreinum 2. gr. siglingaatvinnulaganna frá 1905. Bætt er við í staflið b. kröfu um þekking á segulskekkju og misvísun og í staflið e. kröfu um fullkomna sjón. Í staflið f. er formenska á bifbát, sem er 6—12 smálestir, látin jafngilda siglingaatvinnu á skipi yfir 12 smálestir.

Við 4. gr.

Margir af skipstjórunum á botnvörpuveiðaskipunum hjer hafa aðeins skírteini sem skipstjórar í innanlandssiglingum, og hafa þeir því orðið að fá undanþágur, samkvæmt 13. gr. laganna frá 1905, þegar skipin hafa farið milli landa, sem þau fara alltítt til að selja afla sinn. Þar sem telja verður skipstjórana eins færa til skipstjórnar á þessum ferðum eins og á fiskiveiðum, hefir þetta aðeins valdið óþörfu umstangi.

Við 5. gr.

Sömu skilyrða er krafist til að vera skipstjóri í innanlandssiglingum á verslunarskipi yfir 300 smálestir og til að vera skipstjóri í utanlandssiglingum á verslunarskipi, og er ástæðan til þess sú, að gera má ráð fyrir, að slík innan-

landssiglingaskip fari öðru hvoru einnig til útlanda, og gæti þá verið bagalegt að þurfa að skifta um yfirmenn á þeim, eingöngu vegna þeirra ferða.

Við 6. og 7. gr.

Kröfurnar til stýrimanna í þessum greinum eru í samræmi við kröfurnar til skipstjóra samkvæmt 4. og 5. gr. frumvarpsins.

Við 9. gr.

Vísast til athugasemdarinnar við 3. gr. hjer á undan.

Við 10.—13. gr.

Í þessum greinum eru sett skilyrðin fyrir því að geta öðlast skipstjóra-skirteini og stýrimannsskirteini. Að fráskildum prófkröfunum, en um þær skal vísað til lagafrumvarpsins um breyting á stýrimannaskólalögunum, eru kröfurnar líkar og í 8.—11. gr. siglingaatvinnulaganna frá 1905. Próf við aðra skóla en stýrimannaskólann hjer þykir ekki þurfa að taka með eins og nú er ástatt. Nokkuð er þó hert á skilyrðunum að því er sjómensku snertir, en frá þeim skilyrðum má veita undanþágu samkvæmt 16. gr. frumvarpsins.

Við 14. gr.

Svarar til og er að mestu leyti samhljóða 12. gr. siglingaatvinnulaganna frá 1905. Niðurlagsákvæði fyrstu málsgreinar nefndrar 12. gr. er slept.

Við 15. gr.

Ákvæði þessarar greinar svara til ákvæða 14. gr. siglingaatvinnulaganna frá 1905. Próf í gufuvjelafræði við aðra skóla en stýrimannaskólann hjer þykir ekki þurfa að taka með eins og nú er ástatt.

Um 16. gr.

Vísast til athugasemdar við 10.—13. gr. hjer á undan. Hjer er tekið fram frá hvaða skilyrðum megi veita undanþágu, og sett ákveðið lágmark viðvikjandi siglingatímanum.

Um 17. gr.

Ákvæði þessarar greinar eru nýmæli. Eftir því sem siglingar aukast hjer, þykir meiri þörf á að innleiða sjóferðabækur, sem eru taldar trygging fyrir framferði sjómannsins og hvöt fyrir hann til að stunda sem best starf sitt, enda góð leiðbeining fyrir skipstjóra, er þeir ráða ókunna menn á skip sín.

Við 19. gr.

Í fyrstu og annari málsgrein er það tekið fram, að hlutaðeigandi skuli hafa fullkomna sjón. Þetta skilyrði er sett vegna þess að sjálfsagt er, að allir skipstjórar og stýrimenn, bæði á smærri og stærri skipum, hafi fullkomna sjón, því að hún er eitt af skilyrðunum fyrir því, að ásigling komi eigi fyrir, sjerstaklega á nóttu.

Við 22. gr.

Ástæðan til að staflidirnir c. í 8. gr. og a. í 9. gr. siglingaatvinnulaganna frá 1905 eiga ekki að falla úr gildi fyr, að því er til utanlandssiglinga á verslunarskipum kemur, er sú, að rjett þykir að eiga ekki á neinni hættu með að fá þá skipstjóra og stýrimenn á verslunarskip, sem hæfir eru.
